



**Samráðsgátt stjórnvalda,
fjármála- og efnahagsráðuneyti**

Mál nr. 196/2021

Reykjavík, 9. nóvember 2021

**Áform um frumvarp til laga um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með
verðbréf og endurnotkun**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til áforma fjármála- og efnahagsráðherra, sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda, um að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga sem innleiða tilskipun 2365/2015 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og endurnotkun í íslenskan rétt (STFR-reglugerðin). SFF styðja það markmið stjórnvalda að innleiða reglugerðina í lög hér á landi enda mikilsvert að íslensk fjármálafyrirtæki starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er til samræmis við starfsumgjörð fjármálafyrirtækja í Evrópu. SFF vilja nota þetta tækifæri og gera tvö að umtalsefni á þessu stigi málsins:

Í F. lið kemur fram að helstu hagsmunaaðilar séu fjárfestar, eftirlitsaðilar og stjórnvöld. Hér er ástæða til að undirstrika að bankar eru þeir aðilar sem tilkynningarskyldan mun hvíla á og hefur ný löggjöf á þessu sviði umtalsverð áhrif á starfsemi þeirra. Þeir þurfa að aðlaga starfsemi sína s.s. vinnuferla og tölvukerfi að nýjum lögum. Svo virðist vera að þetta atriði hafi gleymst við gerð áformaskjalsins.

Í H. lið um innleiðingu löggjafar og hvað gera megi ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum þurfi langan tíma til undirbúnings kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir löngum aðlögunartíma. Mat á nauðsynlegum aðlögunartíma fyrir banka hefur enn ekki farið fram í tengslum við innleiðingu reglugerðarinnar en gera þarf ráð fyrir nokkuð ríflegum tíma til undirbúnings. Þannig má benda á að fyrsta form tilkynningarskyldu í ESB samkvæmt SFTR reglugerðinni hófst 13. júlí 2020 en reglugerðin tók þar gildi 12. janúar 2016. Því er það mat SFF að bankar hér á landi þurfi a.m.k. eitt ár til undirbúnings frá gildistöku nýrra laga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur